

Sp. 138. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um könnun á búrekstraraðstöðu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á fyrri hluta árs 1987 samræmda könnun á búrekstraraðstöðu einstakra jarða og byggðarlaga um land allt.

Markmiðið með slíkri búrekstrarkönnun verði að safna upplýsingum um framleiðslu- aðstöðu á einstökum jörðum, svo og um áform ábúenda og hugmyndir sveitafólks varðandi nýsköpun í atvinnulífi og breytingar á búháttum í dreifbýli í náinni framtíð.

Könnunin verði m.a. við það miðuð að unnt sé að nota þær upplýsingar sem safnast við mótun svæðaskipulags í landbúnaði þar sem tekið er tillit til aðlögunar hefðbundins búskapar að landgæðum og markaði, nýtingar arðbærra hlunninda og uppbyggingar nýrra búgreina. Jafnframt ætti könnunin að leiða í ljós stöðu einstakra byggðarlaga og verða leiðbeinandi um aðgerðir til að viðhalda byggðinni.

Við framkvæmd búrekstrarkönnunarinnar verði leitað aðstoðar búnaðarsambanda og héraðsráðunauta og hagnýttar niðurstöður úr könnun sem gerð var á árinu 1986 á Norðurlandi að frumkvæði Ræktunarfélags Norðurlands.

Landbúnaðarráðherra kynni Alþingi meginniðurstöður þessarar könnunar eigi síðar en haustið 1987 svo að unnt sé að móta aðgerðir með hliðsjón af henni á næsta þingi.

Kostnaður vegna könnunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mjög hefur hallað undan í málefnum landbúnaðarins síðustu ár. Markaður fyrir hefðbundnar landbúnaðarafurðir hefur dregist ört saman, m.a. vegna versnandi kjara launafólks og lækkun á niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Milliliðir hafa hirt sívaxandi hlut af afurðaverðinu og frjáls álagning í smásölu hefur hækkað verðið til neytenda.

Með því kvótakerfi, sem nú hefur verið innleitt með stuðningi af lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er verið að festa í sessi meingallaða skipan í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Með úthlutun á fullvirðisrétti til bænda í hefðbundnum búgreinum er verið að skipta minnkandi framleiðslumagni niður á bændur, að mestu án tillits til aðstæðna og stöðu byggðarlaga. Á sama tíma eru engar hömlur settar á framleiðslu annarra kjötafurða en kindakjöts.

Engin marktæk viðleitni er til að skipuleggja framleiðsluna svæðisbundið með tilliti til landgæða eða staðbundins markaðar. Varðar hið fyrrnefnda einkum sauðfjárræktina en hið síðartalda mjólkurframleiðslu.

Það stjórnkerfi, sem nú er verið að innleiða í hefðbundnum búskap, bitnar harðast á minni búum og frumbýlingum og þeim sveitum sem stóðu höllum fæti fyrir. Afleiðing þessarar stefnu verður að fjöldi bænda lendir á köldum klaka á nokkrum árum og byggðin grisjast og eyðist skipulagslaust. Þetta eru í senn ómannúðlegar aðgerðir og óhagkvæmar fyrir þjóðarheildina.

Stefna Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um kaup og leigu á búmarki og fullvirðisrétti af bændum geta á stuttum tíma kippt fótum undan búskap í heilum byggðarlögum og dregið hefur verið í efa að farið sé að lögum um þær aðgerðir. Stuðningur við bændur, sem hætta vilja búskap af ýmsum ástæðum, getur átt fullan rétt á sér en nauðsynlegt er að byggja slíkar aðgerðir á heildarsýn og gera jafnframt ráðstafanir til styrktar lífvænlegum byggðum.

Sama handahófið ríkir um uppbyggingu nýrra búgreina og gagnvart hefðbundnum búskap. Þar er víða verið að fjárfesta skipulagslaust, m.a. án tillits til náttúruskilyrða og aðstæðna á einstökum jörðum og ástands í viðkomandi sveitum.

Í þeirri tillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á allt önnur vinnubrögð. Með búrekstrarkönnun á að bæta úr skorti á nauðsynlegum upplýsingum um framleiðsluaðstöðu á einstökum jörðum og fá vitneskju um áform ábúanda og hugmyndir fólksins í dreifbýlinu varðandi nýsköpun í atvinnulífi og æskilegar breytingar á búháttum.

Þótt aflað hafi verið á liðinni tíð margháttæðra upplýsinga um framleiðsluaðstöður, m.a. á vegum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs og Fasteignamats ríkisins, hafa þær ekki verið hagnýttar eða legið fyrir í aðgengilegu formi. Veldur þar mestu áhugaleysi stjórnvalda. Að frumkvæði Ræktunarfélags Norðurlands var snemma á árinu 1986 hafist handa um könnun á búrekstri á Norðurlandi og er nú verið að vinna úr þeim gögnum. Sjálf-sagt er að nýta þær upplýsingar sem þar koma fram og reynsluna af þessu lofsverða framtaki. Nauðsynlegt er að ráðast hið fyrsta í svipaða búrekstrarkönnun í öðrum landshlutum. Reynslan úr Norðurlandi sýnir að unnt er að vinna slíkt verk á skömmum tíma eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Svo mikið er í húfi fyrir fólkið í sveitum og landsmenn alla að edlilegt er að ríkið greiði kostnað af þessari könnun. Við framkvæmd hennar er hins vegar sjálfsagt að virkja samtök bænda og héraðsráðunauta.

Ef vel er að þessari könnun staðið á hún að geta lagt grunn að gjörbreyttum tókum á stjórn landbúnaðarmála, m.a. að svæðaskipulagi og stuðningi við eintök byggðarlög.

Varðandi bakgrunn þessara mála vísast til greinar eftir Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en hún birtist í Árbók landbúnaðarins 1985 undir heitinu Örlagatímar (sjá fylgiskjal).

Fylgiskjal.

Gunnar Guðbjartsson:

Örlagatímar.

Hinn 1. júlí 1985 tóku gildi ný lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lög þessi breyta mörgu og miklu frá eldri lögum um þýðingarmestu mál er varða þróun landbúnaðarins um næstu framtíð, afkomu bændastéttarinnar í landinu svo og um alla þróun í dreifðri byggð landsins.

Í eldri lögum var Framleiðsluráði landbúnaðarins falið allvíðtækt vald í verðlags- og sölumálum landbúnaðarins og helstu skipulagsmálum er vörðuðu þróun hans. Nú eru þessi völd ýmist færð í landbúnaðarráðuneytið, aðrar opinberar stofnanir eða látin lönd og leið í samkeppni duttlungafullrar markaðshyggju. Í þessu efni er Framleiðsluráð nú aðeins lítilfjórlegur umsagnaraðili sem nánast þarf ekki að taka tillit til.

Verðákvörðunarvaldi er skipt á margra hendur.

- A. Ef verð búvöru til bænda er ákveðið er það gert af Sexmannanefnd sem skipuð er á svipaðan hátt og áður en hefur aðeins þetta verksvið eitt. Í því efni er áfrýjunarréttur til yfirnefndar eins og áður.
- B. Slátur- og heildsölu kostnaður kjöts er nú ákveðinn af Fimmannanefnd þar sem verðlagsstjóri er oddamaður og hlýtur alltaf að ráða niðurstöðu. Nefndin er að öðru leyti skipuð fulltrúum af hálfu launþegasamtaka og tveimur fulltrúum frá Landssamtökum sláturleyfishafa. Enginn áfrýjunarréttur er varðandi ágreining í þessari nefnd.
- C. Fimmannanefnd, skipuð á svipaðan hátt, fer með ákvörðunarvald um vinnslu- og heildsölu kostnað mjólkur. Þar skipa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði fulltrúa fyrir mjólkurvinnsluna. Enginn áfrýjunarréttur er þar heldur.
- D. Fimmannanefnd, skipuð á svipaðan hátt en þó með tveimur fulltrúum frá kartöflu-sölu fyrrtækjum, getur ákveðið heildsölu kostnað kartaflna ef vilji er fyrir hendi.

- E. Fimmmannefnd gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um fjárhæð verðmiðlunargjalda, að fengnum tillögum frá Framleiðsluráði, og ákveður skiptingu fjárens á milli afurðastöðva.
- F. Landbúnaðarráðherra ákveður verðmiðlunargjöld. Samkvæmt eldri lögum tók Framleiðsluráð ákvarðanir um fjárhæð gjaldanna og skiptingu fjárens milli vinnslustöðva.
Þær ákvarðanir geta varðað líf eða dauða ekki aðeins margra fyrirtækja landbúnaðarins heldur og ráðið úrslitum um byggð í heilum héruðum.
- G. Ákvörðun smásöluálagningar er hjá Fimmmannefnd fyrir hverja afurðagrein. Þó getur hún fellt slíka ákvörðun niður ef *hún telur* samkeppni næga. Nefndin þarf aðeins að leita umsagnar Framleiðsluráðs í því efni en þarf ekki að neinu leyti að taka tillit til umsagnar þess.

Í þessum nýjungum í meðferð verðlagsmála felast breytingar sem geta ráðið örlögum íslenskrar byggðaþróunar og örlögum íslensks landbúnaðar í framtíðinni.

Hin nýju ákvæði um verðmiðlun geta ráðið örlögum fámennra og fátækra byggðarlaga. Þar kann þó að valda miklu hvernig með valdið verður farið.

Frjáls heilðsöluverðákvörðun og frjáls verslunarálagnin ein og nú hefur verið upp tekin í verslun með kartöflur hefur þegar leitt til a.m.k. tvöfalda kostnaðar í verslun með þá vöru. Hækkad verð á vörunni þrengir markaðinn og minna selst og þá geta færri menn lifað af því að framleiða þá vöru. Verðlagsyfirvöld og neytendur virðast ekki láta sig þetta varða. Svipuð þróun hefur orðið í kjötsölu síðan smásöluálagning stykkjaðs kjöts var gefin frjáls.

Felld eru niður ákvæði eldri laga um veitingu slátur- og heilðsöluleyfa og fleiri þýðingarmikil ákvæði um sölumæðferð afurða.

Í hinum nýju lögum eru önnur ákvæði sem kunna að valda örlögum. Í 36. gr. laganna er ákveðið að draga úr útflutningsbótum á búvörur snögglega úr 10% heildarverðmætis búvöru í 7% á þessu ári. Matsgrundvöllur verðmætisins er jafnframt þrengdur þannig að samdrátturinn er í reynd meiri. Síðan eiga útflutningsbætur að minnka um 1% á ári til ársins 1990 og þá væntanlega falla niður sbr. lokaorð a. liðar 30. gr.

Í 37. gr. eru ákvæði um að mestur hluti hins sparaða útflutningsbótafjár eigi að renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til nota við að byggja upp nýjar búgreinar o.fl.

Þetta er hin jákvæða hlið laganna.

Ráðstöfun þessa fjár á að fara eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra (reglugerð). Ákvæðin um ráðstöfun fjárens eru mjög losaraleg og því nokkur hætta á að ekki sé sú stefnumörkun fyrir hendi að tilgangur með þessari lagagreini náist nægilega fljótt svo að ný framleiðsla verði til framfærslu fólks í sveitum jafnótt og draga skal úr framleiðslu kjöts og mjólkur svo sem til er ætlast. Fá arðvænleg atvinnufyrirtæki eru nú í auglýsingu og engar áætlanir fyrir hendi til að vinna eftir. Mest er um fálmenndar tilraunir að ræða, utan þess sem gert er í loðdýrarækt. En loðdýraræktin hefur sýnt að hún er mjög áhættusöm og við margháttada erfiðleika er þar að etja, m.a. í vinnslu fódurs svo að það sé bæði gott og ódýrt.

Í þessu efni vantar miklu markvissari stefnumótun.

Tvær greinar hinna nýju laga vöktu vonir hjá ýmsum bændum um bætt tíma. Það er 29. greinin sem felur í sér skyldu um fulla greiðslu afurðaverðs stuttu eftir afhendingu söluvöru og 30. gr. sem felur í sér heimild til stjórnunar búvöruframleiðslu og verðtryggingu fyrir umsamið framleiðslumagn.

Í ljós er komið að mikill veikleiki er í greinum þessum þegar til framkvæmda kemur. Ekki er tryggt fé til greiðslu afurðanna skv. 29. gr. Afurðalán hafa ekki verið aukin hlutfallslega nema síður sé. Ríkisstjórnin hefur sýnt viðleitni til að útvega fé til að greiða mjólk og kindakjöt að fullu stuttu eftir innlegg. En hvort tveggja er að fjárúttegunin er ófullnægjandi og annmarkar á framkvæmdinni eru miklir. Ekkert aukafé hefur fengist til fullrar greiðslu annarra afurða svo sem nautakjöts, ullar, kartaflna né fjölmargra annarra búvara.

Þegar farið var að semja um magn búvöru skv. 30. gr. í ágústmánuði 1985 kom í ljós sá skilningur stjórnvalda að sú samningsgerð gæti aðeins náð til mjólkur og kindakjöts — ekki til nautakjöts, svínakjöts, fuglakjöts né eggja eða annarra búvara. Þar með var brostinn allur grunnur að heildarstjórn búvöruframleiðslunnar og líka brostin von um traustari afkomu bændastéttarinnar sem margir héldu að fælist í þessum nýju ákvæðum laganna.

Frá því afurðasölulögin voru sett árið 1935 hefur aldrei verið jafn illt ástand á búvörumarkaði landsins eins og verið hefur frá 1. sept. s.l.

Stjórnlaus undirboð hafa verið á nær öllum kjöttegundum og eggjum. Mikil óvissa er um greiðslu fyrir allar vörur aðrar en kindakjöt og mjólk og þó eru þar einnig miklar blikur á lofti, einkum varðandi mjólkina.

Vegna þess hversu seint fullvirðisréttur mjólkur var reiknaður verða margir framleiðendur búnir að framleiða að fullu í fullvirðisrétt sinn í vor eða snemma í sumar. Þá á samkvæmt lögunum að stöðva greiðslu mjólkurverðs til þeirra.

Gera má ráð fyrir að einhverjir framleiðendur nýti ekki framleiðslurétt sinn að fullu. Þá eiga aðrir framleiðendur aðgang að þeim ónotaða rétti. Um það verða hins vegar ekki til upplýsingar fyrr en í lok verðlagsársins og þá er of seint að framleiða upp í samninginn.

Svo getur farið að enginn nýti þennan rétt og bændastéttin í heild tapi hluta þess sem um var samið. Þessi annmarki verður fyrir hendi áfram þó að fullvirðismark liggja fyrir í upphafi verðlagsárs. Þarna er veikleiki í þessari leið til framleiðslustjórnunar sem ekki hefur verið ræddur að ráði meðal bænda.

Stjórnleysi í framleiðslu á nautakjöti, svínakjöti og fuglakjöti getur riðið sauðfjárframleiðslunni að fullu. Ekki verður búandi til lengdar við það að allt kjöt sé selt á útsölu. Slíkt verður dauðadómur á alla kjötframleiðslu í landinu. Stjórnvöld verða að átta sig á þessu fljótlega. Verði það ekki gjört mun umrædd löggjöf valda íslensku þjóðfélagi skapadómi sem aldrei verður bættur. Ekki er heldur búandi við stjórnleysi í eggjaframleiðslu svo sem nú er.

Með slíku stjórnleysi er fjármunum þjóðarinnar sóað í stórum stíl í óarðbæra fjárfestingu sem engum nýtist. Sé þetta gert til að þjóna trúarlegum sjónarmiðum samkeppnismanna þá er verið að hætta fjöreggi þjóðarinnar í annarlegum leik líkt og tröllskessurnar gerðu forðum og frá er sagt í þjóðsögum.

Hvort hin nýju framleiðslulög skapa þjóðinni örlagadóm eða valda straumhvörfum til góðs ræðst af því hvort stjórnvöld hafa kjark til að hafna stjórnlausri markaðshyggju samkeppnismanna og taka upp skipulag félagshyggju í staðinn og viðhalda raunhæfri byggðastefnu.

Næstu tvö til þrjú ár munu skera úr um þetta efni. Af þeim úrskurði munu örlög íslenskra byggða og íslensks landbúnaðar ráðast.